

Leiðbeiningar

um notkun hljóðrófsrita Málvísindastofnunar

Eiríkur Rögnvaldsson, febrúar 1989

Stingið hljóðrófsritanum í samband, og kveikið á honum með því að smella aðalrofanum (9) upp. Stingið síðan hljóðnemanum í samband í (8), ef hann er ekki þegar tengdur. Gætið þess að snerillinn (12) sé stilltur á 80-8000, (17) á 500 Hz, (5) á LIN, (1) á FL-1, (3) á OFF, (2) á 200 ohm, og rofinn (4) á NORMAL.



1. Snúid snerlinum (11) á RECORD. Þá fer upptökutromlan (19) að snúast. Ef styrkstillirinn (16) er ekki á núlli, heyrir það sem síðast var tekið upp aftur og aftur. Áður en lengra er haldið þurfið þið að snúa honum rangsælis eins langt og hægt er, þannig að síðasta upptaka heyrir ekki.
2. Stillið snerilinn (13) á RECORD. Þá er allt sem sagt er í hljóðnemann tekið upp á disk inni í tækinu. Athugið að á því tíðnisviði sem oftast er notað (80-8000 s/sek) er aðeins hægt að taka upp 2,4 sek.; eftir það er tekið ofan í byrjun upptökunnar. Við venjulegan talhraða svarar þetta til 6-8 atkvæða.
3. Verið búin að ákveða hvaða setningu eða orð þið ætlið að segja, æfið ykkur á henni nokkrum sinnum og fylgist með mælinum (14). Nálin á honum á helst ekki að fara að ráði upp á rauða strikið, en vera samt nálægt því. Ef hún fer of hátt eða lágt er hægt að laga það með upptökustillinum (15). Eftir því sem honum er snúid lengra rétt-sælis (á lægri tölu) eykst styrkur upptökunnar.
4. Athugið að meðan á þessu stendur er allt sem þið segið tekið upp, og þurrkast svo jafnharðan út aftur. Þegar þið eruð orðin ánægð með styrkinn, skuluð þið segja setninguna eða orðin sem þið ætlið að kanna, og snúa strax snerlinum (13) aftur á REPRODUCE, til að ekki sé tekið yfir upptökuna. Hafið hins vegar snerilinn (11) áfram á RECORD, þannig að upptökutromlan haldi áfram að snúast um stund.
5. Hreyfið nú styrkstillinn (16), þannig að þið heyrið það sem tekið hefur verið upp. Þar kemur strax fram hvort upptakan er mátulega löng, eða hvort endinn á henni hefur farið ofan í upphafið. Ef svo er, þurfið þið að byrja aftur á 2. þrepi hér að framan, þ.e. taka setninguna upp að nýju, og þá annaðhvort stytta hana, eða gæta þess betur að snúa snerlinum (13) á REPRODUCE nógu fljótt.
6. Þegar þið eruð búin að hlusta nokkrum sinnum á upptökuna og ganga úr skugga um að hún sé í lagi, þurfið þið að setja kvörðun inn á hana. Það er gert með því að lyfta rofanum (18) eldsnöggt um leið

og setningunni sem sögð var lýkur, og sleppa honum **strax** aftur. Við þetta kemur sónn inn á upptökuna, en á hljóðrófsritunum kemur hann út sem breiðu dökku böndin sem notuð eru til að mída tíðni við.

7. Næst er að setja pappír á hljóðrófsritann; en fyrst er að átta sig á hvernig hann eigi að koma þannig að skilin á pappírnum falli saman við skilin í upptökunni. Ef pappírsskilin lenda inni í miðri setningu er hljóðrófsritið yfirleitt ónothæft. Snúið því snerlinum (11) fyrst á OFF, og síðan miðja vegu milli OFF og REPRODUCE. Prófið þá að snúa upptökutromlunni með handafli; ef hún er föst fyrir verðið þið að færa snerilinn aðeins lengra eða örlítið til baka, þangað til auðvelt er að snúa tromlunni.
8. Þegar tromlunni er snúið réttisælis, heyrst setningin sem tekin var upp; mismunandi eðlileg, eftir því á hvaða hraða er snúið. Prófið nú að snúa þar til þið heyrið sónninn sem settur var inn með rofanum (18), og tákna skilin í upptökunni. Þegar sónninn heyrst, skuluð þið athuga hvaða tala (1-24) af þeim sem standa á hringnum neðst á upptökutromlunni vísar út að stönginni með skrúfganginum á.
9. Takið nú pappír og setjið á hljóðrófsritann; smeygið gormunum á upptökutromlunni aðeins (ca. 1 cm) inn á pappírinn efst og neðst. Athugið að pappírinn er aðeins lengri en ummál tromlunnar, þannig að endarnir skarast. Mikilvægt er að „hægri“ endi pappírsins lendi yfir „vinstri“ endanum; annars þeytist pappírinn af í miðju kafi. Gætið þess einnig að skilin á pappírnum séu við töluna sem þið tókuð eftir hér á undan. Prófið það með því að snúa tromlunni til þangað til sónninn heyrst, og þá eiga skilin að vísa út að stönginni með skrúfganginum.
10. Snúið nú snerlinum (11) alla leið að REPRODUCE, og þá fer upptökutromlan að snúast á miklum hraða. Best er að færa styrkstillinn (16) niður í null. Athugið nú nálina á mælinum (14). Hún ætti að sveiflast svölítið til og frá, en vera samt tiltölulega stöðug kringum miðjuna (-2). Ef hún fer of hátt eða lágt er hægt að laga það með afspilunarstillinum (21). Eftir því sem honum er snúið lengra réttisælis (á lægri tölu) eykst styrkurinn, og nálina fer lengra til hægri.

11. Takið nú um svarta stykkið með rauða ljósinu (24) ofan á hljóðrófsritanum, lyftið því aðeins upp og snúið réttisælis eins langt og hægt er, þannig að nálin (20) snerti pappírinn. Stykkið sem hún er á byrjar þá að skrúfast upp eftir stönginni hægt og hægt, og hljóðgreiningin að brennast á pappírinn. Gætið þess vel að snerta ekki nálina; það er straumur á henni! Eftir u.þ.b. 1 1/2 mín. er stykkið komið efst á stöngina, og þá kviknar ljósið (22). Takið þá um svarta stykkið (24) og snúið því rangsælis eins langt og hægt er, þannig að nálin færast frá pappírnum; látið það síðan varlega niður.
12. Snúið nú snerlinum (11) yfir á OFF, þannig að tromlan stöðvist. Þvínæst má taka hljóðrófsritið af. Það er gert með því að færa gormana eins langt upp og niður og hægt er, taka síðan varlega í endann á hljóðrófsritinu og draga það af. Burstið síðan nálina vandlega með sérstökum bursta; annars safnast sótt á hana. Að þessu loknu er hægt að snúa sér að næstu setningu, og byrja þá á ný á l. þrepi hér að framan.
13. Ef þið eruð ekki ánægð með hljóðrófsritið, finnst það t.d. of ljóst eða of dökkt til að allt sem skoða á komi nógu skýrt fram, má reyna að breyta því með MARK LEVEL (7). Venjulega gefst best að hafa hann á 3 eða svo; ef stillingin er lægri verður hljóðrófsritið daufara, sé hún hærra verður það dekkra. Gætið þess samt að færa hann lítið í einu; ekki meira en eitt þrep upp eða niður.
14. Einnig getur hentað að breyta stillingu AGC (6). Það er e.k. andstæðustillir; sé hann lágt stilltur koma aðeins fram á hljóðrófsritinu þau tíðnisvið sem hafa mestan styrk. Venjulega er AGC hafður á 0-1; en eftir því sem hann er stilltur hærra þarf minni styrk til að tiltekið tíðnisvið komi fram, því að dregið er úr andstæðunni milli mikils og lítils styrks. Ef stilling AGC er hækkuð þarf að hækka MARK LEVEL álíka mikið til að hljóðrófsritið verði álíka dökkt.

Að notkun lokinni skal slökkva á hljóðrófsritanum með því að smella aðalrofanum (9) niður, og taka tækið síðan úr sambandi.